

# Jafnréttismat vegna aðgerða Reykjavíkurborgar til viðspyrnu vegna Covid-19

Kynning fyrir mannréttinda- nýsköpunar- og lýðræðisráð

27. ágúst 2020



Reykjavíkurborg

# Forsaga og framkvæmd verkefnis

- Samþykkt á fundi borgarráðs þann **26. mars 2020 13 tillögur til viðspyrnu gegn Covid-19.**
- Samþykkt á fundi borgarráðs 31. mars 2020 að fram fari **jafnréttismat á tillögum 3-13.** *Undanskilnar jafnréttismati eru tillögur 1) Frestun gjalda, niðurfelling og lækkun og 2) Sveigjanleiki í innheimtu og gjaldfrestum.*
- Starfshópur á MAR vann **gátlista fyrir jafnréttismatið** sem sendur var öllum fag- og kjarnasviðum 27. apríl 2020. Markmið gátlistans var að tryggja það að útfærslurnar á tillögunum hefðu kynja- og jafnréttissjónarmið til hliðsjónar.
- Í júní fór af stað kortlagning á þeim verkefnum sem búið er að útfæra skv. tillögum til viðspyrnu gegn Covid-19 og jafnréttismat þar á.



# Jafnrétti og Covid-19: Hvað þarf að hafa í huga?

- Kynjaskipting á Íslenskum vinnumarkaði – áhrif á vinnumarkaðinn hefur mismunandi áhrif á kynin
- Ólík umönnunarábyrgð kynjanna  
Íslenskar rannsóknir sýna m.a. að í Covid vinna *mæður frekar heima og vinna frekar á kvöldin/um helgar og þær upplifa í meira mæli aukið vinnuálag en karlar*
- *Viðkvæmu hóparnir* – Fólk með ríka umönnunarábyrgð frekar útsett efnahagslega og félagslega og eru frekar konur, t.d. foreldrar barna með fötlun
- Hefur veiran mismunandi áhrif á fólk eftir kyni?  
*Fjöldi smita á Íslandi í fyrstu bylgju Covid-19: Konur 910, Karlar 900*
- Atvinnuleysi í febrúar 2020: 7,7% atvinnuleysi meðal fólks með erlent ríkisfang, 1,9% meðal fólks með íslenskt ríkisfang (Kynlegar tölur 2020)



# Útfærsla á Covid-19 tillögum (ágúst 2020)

Tillaga		Verkefni/útfærsla	Svið	Kostnaður í þkr.
3.	Borgarvakt í velferðar- og atvinnumálum			0
4.	Ferðaþjónusta og ferðaþjónustutengdar	a) Markaðsátak stjórnvalda og Íslandsstofu		
		b) Markaðsátak Reykjavíkur	MOF	80.000
5.	Nýsköpun og nýtækni	Hack the Crisis	ÞON	1.700
		Vöruhús gagna	ÞON	50.000
		Sjálfvirknivæðing kjarnakerfa	ÞON	40.000
8.	Menning, listir, íþróttir og viðburðahald	Menningarstyrkjapottur	MOF	30.000
		Íbúaráð - sumarstyrkir 2020	MAR	30.000
		Efling miðborgar sem áfangastað í sumar	USK	50.000
9.	Markvissar vinnumarkaðsaðgerðir		MOS	691.000
11.	Undirbúningi fjárfestingarverkefna á vegum Reykjavíkurborgar verði flýtt	a) Flýting á verklegum framkvæmdum við uppbyggingu innviða		970.000
		a) Flýting meiriháttar viðhalds- og endurnýjunarverkefna		750.000
		c) Flýting nauðsynlegs undirbúnings- og hönnunarvinnu ýmissa verkefna ss með samkeppnum og hönnun verkefna í framhaldi		370.000
<b>Samtals</b>				<b>3.062.700</b>



# Staða verkefnisins

- Ekki búið að útfæra allar tillögur; engar samþykktir liggja fyrir varðandi tillögur 6) *Skapandi greinar* og 7) *Þekkingargreinar*  
(Mögulega unnið að undirbúningi en engin útfærsla liggur fyrir)
- Meirihluti verkefna snúa að því að flýta fjárfestingum/ vinna framkvæmdir (68% af heildarkostnaði)
- Almennt ekkert sem bendir til þess að hugað sé að jafnréttissjónarmiðum við útfærslu tillagna.
- Umsóknir um styrki metnar með það fyrir augum að þeir nái til „sem flestra borgarbúa“. Verkefni sem sérstaklega eiga að höfða til jaðarsettra hópa fá ekki brautargengi út af þessu.
- Unnið er að því að jafnréttismeta þær útfærslur á tillögum sem liggja fyrir og verður hægt að kynna áfangaskýrslu á næstu vikum.

